ALM VERÐBRÉF HF.

Persónuverndarstefna

Efnisyfirlit

Breytingasaga **3**

1. Um persónuverndarstefnuna **4**

2. Ábyrgð **4**

3. Tegundir persónupplýsinga **4**

4. Tilgangur og heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga **4**

5. Varðveislutími gagna **5**

6. Miðlun persónuupplýsinga **5**

7. Öryggi persónuupplýsinga **5**

8. Tilkynning vegna öryggisbrots **5**

9. Öryggisráðstafanir **5**

10. Skil og eyðingaráætlun trúnaðarupplýsinga **5**

11. Réttindi viðskiptavina **6**

12. Tengiliðir **6**

13. Endurskoðun og uppfærsla **6**

Breytingasaga
2022 02 Fyrsta útgáfa
2024 02 Sniðmát uppfært án efnislegra breytinga.

1. Um persónuverndarstefnuna

1.1. ALM Verðbréf hf. (hér eftir ALM) er umhugað um vernd persónuupplýsinga og hefur einsett sér það markmið að farið sé með upplýsingarnar með eins öruggum hætti og hægt er. Leitast ALM ávallt við að uppfylla persónuverndarlöggjöf sem er í gildi í landinu hverju sinni og er þessi stefna byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og ákvæðum reglugerðar Evrópuráðsins 2016/679.

1.2. Í þessari persónuverndarstefnu kemur fram hvaða persónuupplýsingum ALM safnar, hvers vegna, í hvaða tilgangi, hvernig öryggi þeirra er tryggt og hvert þeim kann að vera miðlað.

2. Ábyrgð

2.1. Ábyrgðaraðili er ALM Verðbréf hf., kt. 450809-0980, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

2.2. Vinnsluaðili er sá aðili sem vinnu með persónupplýsingr á vegum ALM. ALM hefur skilgreint eftirfarandi aðila sem vinnsluaðila:

2.2.1. Aðili sem sér um launagreiðslur og tengda útreikninga

2.2.2. Aðili sem sér um vef ALM.

2.2.3. Aðili sem sér um öryggisgæslu og öryggiskerfi í húsnæði ALM.

2.3. ALM gerir og heldur utan um sérstaka vinnsluskrá um vinnsluaðila.

2.4. ALM gerir sérstaka vinnslusamninga við þá aðila sem eru skilgreindir sem vinnsluaðilar skv. 2.2.

2.5. ALM er íslenskt verðbréfafyrirtæki sem veitir heildstæða þjónustu á sviði fjármála fyrir fyrirtæki, stofnanir, lífeyrissjóði og einstaklinga.

2.6. Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og fékk starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki þann 17. september 2010.

3. Tegundir persónupplýsinga

3.1. Almennt vinnur ALM fjárhagsupplýsingar og almennar upplýsingar um tengiliði og viðskiptavini sína. Sú vinnsla persónuupplýsinga kann að vera nauðsynleg á grundvelli samnings við viðskiptavini, ákvæða laga, vegna lögmætra hagsmuna ALM eða með samþykki viðskiptavina. Líkt og áður hefur komið fram er ALM undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á fyrirtækinu hvíla ýmsar lagaskyldur til að varðveita upplýsingar, m.a. bókhaldslög og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti.

4. Tilgangur og heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga

4.1. Tilgangurinn og heimildin fyrir vinnslu persónuupplýsinganna er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem um hefur verið samið, til dæmis með samningi eða til þess að uppfylla lagareglur sem um þjónustuna gilda.

4.2. Séu persónuupplýsingar um einstakling komnar frá öðrum aðilum en einstaklingnum sjálfum þá er það gert samkvæmt umboði hans og ávallt upplýst um það hvaðan upplýsingarnar koma.

5. Varðveislutími gagna

5.1. ALM geymir persónuupplýsingar aðeins eins lengi og nauðsynlegt er til þess að vinna þá vinnslu sem samið var um eða leiðir af ákvæðum laga. Þegar ekki er lengur nauðsynlegt að varðveita gögnin eða ekki hvílir lengur á þeim skylda til þess þá er gögnunum eytt.

6. Miðlun persónuupplýsinga

6.1. ALM afhendir ekki persóunupplýsingar til annarra aðila nema félaginu sé skylt að gera það samkvæmt lögum eða samkvæmt dómsúrskurði.

6.2. Viðskiptavinir og eigendur upplýsinganna geta einnig veitt þeim heimild til þess.

6.3. Þegar ALM afhendir upplýsingar til vinnsluaðila sem vinna upplýsingar og/eða verkefni á þeirra vegum þá hvílir á þeim vinnsluaðila sama þagnarskylda og hvílir á ALM og starfsmönnum þess.

6.4. ALM notfærir sér þjónustu utan EES-svæðisins í ákveðnum tilfellum. ALM ber ábyrgðina á því að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu til staðar við miðlun upplýsinganna svo verndin sé sem mest tryggð.

7. Öryggi persónuupplýsinga

7.1. ALM ber skylda til að gæta öryggis þeirra persónuupplýsinga sem það vinnur.

7.2. ALM mun ávallt leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingarnar. Slíkar öryggisráðstafanir fela í sér aðgangsstýringar í kerfum og húsnæði félagsins.

8. Tilkynning vegna öryggisbrots

8.1. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila með símtali og tölvupósti um hvers konar öryggisbrot eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að hann verður var við brotið.

8.2. Með tilkynningunni skulu fylgja hver þau skjöl eða gögn sem nauðsynleg eru til þess að ábyrgðaraðili geti tilkynnt um brotið til viðeigandi eftirlitsstofnunar (Persónuverndar).

9. Öryggisráðstafanir

9.1. ALM setur áreiðanleika og rekstraröryggi í fyrrirúm með eftirfarandi öryggisráðstöfunum og leggur áherslu á eftirfarandi atriði í vinnslusamningum við vinnsluaðila:

- Efla gæði kerfa og ferla til þess að koma í veg fyrir atvik sem truflar þjónustu
- Tryggja öryggi búnaðar og fjarskiptaleiða
- Hámarka uppitíma og bregðast hratt og tilkynna bresti og brot á kerfum
- Gæta öryggis gagna og upplýsinga á öllum kerfum fyrirtækisins
- Búa starfsfólki agað og öruggt aðgengi að fræðslu um öryggisstefnur

10. Skil og eyðingaráætlun trúnaðarupplýsinga

10.1. Þegar þjónustu lýkur samkvæmt vinnslusamningum, samþykkir vinnsluaðili að:

- eyða öllum persónugreinanlegum upplýsingum, eða
- skila öllum persónugreinanlegum upplýsingum til ábyrgðaraðila, eða
- skila öllum persónugreinanlegum upplýsingum til annars vinnsluaðila, tilnefnds af ábyrgðaraðila.

Þegar upplýsingum er skilað þarf einnig að eyða öllum afritum af persónugreinanlegum upplýsingum sem finna má í kerfum vinnsluaðila. Þegar upplýsingum hefur verið eytt skal vinnsluaðili sýna fram á það skriflega.

11. Réttindi viðskiptavina

11.1. Einstaklingar eiga rétt á því að fara fram á aðgang að persónuupplýsingunum sínum. Við tilteknar aðstæður eiga þeir einnig rétt á að þær séu leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra sé takmörkuð að einhverju leyti. Þá eiga einstaklingar einnig rétt á að kvarta til Persónuverndar.

12. Tengiliðir

12.1. Hægt er að hafa samband við ALM vegna atriða sem koma fram í þessari persónuverndarstefnu með því að senda tölvupóst á regluvörð félagsins, Arnar Jónsson, arnar@almv.is, s. 895-1425.

13. Endurskoðun og uppfærsla

13.1. ALM áskilur sér rétt til að uppfæra þessa persónuverndarstefnu, breyta henni eða bæta við hana hvenær sem er. Slíkar breytingar taka gildi um leið og þær hafa verið samþykktar og birtar á vefsíðu ALM.

Samþykkt af stjórn ALM Verðbréfa hf.
Í febrúar 2022